

HINSEGIN Í SKÓLANUM

Hvað er það?

Sólveig Rós
Fræðslustýra Samtakanna '78

HVAÐ ER ÞETTA HINSEGIN?

- Notað yfir einstaklinga sem falla út fyrir normið þegar kemur að:
 - Kyneinkennum
 - Kynvitund
 - Kynhneigð
 - Kyntjáningu



HVAÐ ER GAGNKYNNHNEIGÐ?

- Kynhneigð þar sem einstaklingar laðast að fólki af öðru kyni
- Vilja stofna til parasambands með þeim og oft stofna fjölskyldu
- Gagnkynja pör geta oft getið barn
- Gagnkynhneigð er frekar algeng



HVERNIG BIRTIST GAGNKYNHNEIGÐ?

- Kvikmyndum, sjónvarpsefni, tónlistarmyndböndum, bókum
- Barnaefni
- Lögum, skjölum og opinberum gögnum
- Umræðum um „mömmu og pabba”




GAGNKYNHNEIGÐ VIÐMIÐ



- Gert ráð fyrir að öll séu gagnkynhneigð
- Að kynin séu tvö og þau séu bæði andstæður og bæti hvort annað upp
- Karlar og konur með ákveðna líkama og kyntjáningu
- Allskonar hefðir og norm í kringum tilhugalíf, sambönd og fjölskyldumynstur





HVAÐ UM ÞAU SEM PASSA EKKI INN Í?

- Samkynhneigt fólk og fólk með aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð
- Trans fólk
- Intersex fólk
- Börn í regnbogafjölskyldum
- Eikynhneigt fólk
- Fólk með ódæmigerða kyntjáningu
- Fjölkært fólk
- ...



LÍÐAN HINSEGIN UNGMENNA

- Sam- og tvíkynhneigðir framhaldsskólanemar sýna meiri reiði, þunglyndi og streitu en gagnkynhneigðir nemendur
- Upplifa meira mótlæti (líkamlegt aðkast, neteinelti)
- Tvíkynhneigðar stúlkur sýna mestu vanlíðanina
Gísladóttir, B., Gronfeldt, B., & Kristjánsson, A. L. (2017). Psychological Well-Being of Sexual Minority Young Adults in Iceland :Assessing Differences by Sexual Attraction and Gender
- Í margfaldri hættu á vanlíðan, einelti og sjálfsskaða (t.d. vímuefnanotkun)
- 40% hinsegin stúlkna og 18% hinsegin drengja í 10. bekk hefur reynt sjálfsvíg
Þóroddur Bjarnason o.fl. Lífsánægja samkynhneigðra ungmenna (2011)

ÞETTA ER ÞÓ EKKI ALLT SLÆMT...



SKÓLINN

- Mjög öflug stofnun sem að annaðhvort endurskapar eða vinnur gegn ríkjandi viðmiðum
- Bæði með kennsluefni, samskiptum nemanda og starfsfólk og nemenda á milli
- Það sem er rætt, það sem er ekki rætt, það sem er hvíslað um



STEFNUR OG STRAUMAR

- Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar og undir jafnrétti fellur m.a. kyn og kynhneigð

Aðalnámskrá grunnskóla, 2.1.4.

- Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og menningarstarf taki mið af því að þátttakendur geti verið hinsegin. Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausán hátt. Kennarar og starfsfólk í skólum, frístundamiðstöðvum og öðru starfi með börnum og ungmennum geri fjölbreytileika mannlífsins sýnilegan í starfi sínu, til að mynda með vali á fræðslu- og afþreyingarefni sem notað er á öllum skólastigum. Skólastjórnendur og ábyrgðarfólk skóla- og frístundastarfs á vegum borgarinnar á að sjá til þess að nemendur hljóti hinsegin fræðslu enda er það stefna borgarinnar að hinsegin fólk njóti virðingar og að um það sé fjallað í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár frá árinu 2011.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar 2016, 7.3.1.

HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA?

- Opna umræðuna!
- Byrja í leikskóla
- Vera með allskonar efni fyrir börnin að spegla sig í
- Forðumst að gerast kynjalöggur
- Tökum ofbeldi og áreitni á grundvelli kyntjáningar alvarlega
- Vinnum saman að kynfrjálsu samfélagi og fögnum fjölbreytileikanum!



TAKK FYRIR MIG!

